

Nd.

483. Breytingartillögur

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 10. gr. Í staðinn fyrir: »kosningarrétt til alþingis« komi: kosningarrétt til neðri deildar alþingis.
2. — — — Á eftir orðunum síðast í öðrum málslíð: »fyrir það«, komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Kosningarrétt til efri deildar alþingis hefir hver sá, sem kosningarrétt á til neðri deildar, ef hann er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.
3. — 11. — 18. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Kjörgengur til neðri deildar alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrétt samkvæmt 10. gr. (frumvarpsins), ef hann er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu annara ríkja, og hefir að minsta kosti síðasta árið verið heimilisfastur á Íslandi.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

Kjörgengur til efri deildar alþingis er hver sá, sem kjörgengur er til neðri deildar, ef hann er fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Nákvæmari reglur um kosningar til alþingis verða settar í kosningarlögunum.